

## **Verkefni í hópavinnu á fundi landeigenda við Skjálfandafljót með sveitarfélaginu Þingeyjarsveit.**

Markmið fundarins er að fá fram sjónarmið landeigenda við Skjálfandafljót um sem flest atriði er tengjast hagnýtingu landsins gæða við fljótið. Bæði er óskað eftir afstöðu til atriða sem landeigendur hafa forsendur til að meta, en einnig sjónarmið um atriði sem hafa þurfi í huga við vinnu sveitarfélagsins um skipulagsgerð og aðra áætlunarvinnu.

Þessi fundur er ekki lögbundinn hluti af vinnu sveitarfélagsins við skipulagsgerð eða aðra áætlanagerð og er eingöngu hugsaður til að gera starfsmönnum og kjörnum fulltrúum kleift að heyra sjónarmið landeigenda og gefa landeigendum tækifæri á að skiptast á skoðunum við aðra landeigendur við Skjálfandafljót.

Hver hópur skal í upphafi tilnefna sér hópstjóra sem mun hafa það verkefni að draga saman umræðu og afstöðu í hópnum og flytja samantekt hópsins síðar á fundinum. Hann stýrir einnig umræðum innan hópsins, að því marki sem þess gerist þörf.

Meginverkefni hópsins er að koma fram með viðhorf landeigenda til nýtingar (þar á meðal friðunar/verndunar) Skjálfandafljóts og nágrenni þess.

Eftirfarandi spurningar/atriði eru til leiðbeiningar og hafa fundarmenn fullt frelsi til að koma fram með önnur sjónarmið, svo fremi sem þau rúmist innan meginverkefnisins:

1. Virkjanir. Á að sleppa öllum virkjunum, virkja allt eða eru sumar virkjanir heppilegri en aðrar? Hrafnabjargavirkjun, Einbúavirkjun, minni virkjanir? Vatnsafl / vindafli?
2. Skógrækt. Hver eru sjónarmið varðandi skógrækt í umfangsmiklum stíl? Jákvætt eða neikvætt? Mál hvers landeigenda eða skiptir það hina máli?
3. Hefðbundinn búskapur. Telja landeigendur hefðbundinn búskapur sjálfsagðan í núverandi mynd?
4. Óhefðbundinn búskapur. Eru ræktun í gróðurhúsum og önnur búskaparstörf æskileg eða óæskileg fyrir svæðið?
5. Refaveiðar. Fram hafa komið sjónarmið um að vernda þurfi refinn meðan aðrir telja hann varg sem halda þurfi niðri. Hafa landeigendur skoðun á þessu?
6. Veiði. Eru frekari tækifæri í stangveiði með auknu samtali landeigenda? Hefur önnur starfsemi (t.d. virkjanir, skógrækt og búskapur) jákvæð eða neikvæð áhrif á slíka nýtingu?
7. Malartekja. Verða aðrir landeigendur fyrir áhrifum af malarnámi í miklum mæli hjá öðrum?
8. Framkvæmdir við ós til varnar landbroti. Eru slíkar framkvæmdir jákvætt inngrip í náttúruna sem nýtist jafnvel öðrum landeigendum, eða eru slík inngrip óheppileg?
9. Friðun / vernd. Er þörf á að friða eða vernda með formlegum hætti Skjálfandafljót og nágrenni? Hvað á að ganga langt í þeim efnum?
10. Önnur atriði. Fundarmenn eru hvattir til að koma fram með sjónarmið um önnur atriði, hvort sem þeir hafa sterka skoðun á þeim eða telja mikilvægt að sveitarfélagið hafi þau til skoðunar eða að afla þurfi frekari upplýsinga um.